

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Bústaðavegur 151 og 153.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 31. janúar 2019, breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðirnar nr. 151 og 153 við Bústaðaveg. Í breytingunni felst m.a. færsla stofnveituhitalagnar, lega stíga- og gatnakerfis svæðisins, ný aðkomuleið akandi umferðar að veitingastað færð inn á Bústaðaveg næst gatnamótum Reykjanesbrautar og vegna aðkomu frá Bústaðavegi breyttist útfærsla Bústaðavegar til að stýra umferð og bæta umferðaflæði um fyrirhuguð gatnamót. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Langholtsvegur 43-45 og 47.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 14. febrúar 2019, breytingu á deiliskipulagi reita 1.3 og 1.4, Sundin, vegna lóðanna nr. 43-45 og 47 við Langholtsveg. Í breytingunni felst sameining lóðanna og stækkun á byggingarreit. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Lofnarbrunnur 10-12.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 13. febrúar 2019, breytingu á skilmálum deiliskipulags Úlfarsárdals vegna lóðarinnar nr. 10-12 við Lofnarbrunn. Í breytingunni felst að heimilt er að svalir á 2. hæð hússins skagi allt að 200 sm út fyrir bindandi inndregna byggingarlínu. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Nýr Landspítali við Hringbraut.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 20. febrúar 2019, breytingu á deiliskipulagi nýs Landspítala við Hringbraut. Í breytingunni felst m.a. að koma fyrir tveggja hæða bílgeymslu undir aðaltorgi/Sóleyjartorgi, aðkoma frá þvergötu austan torgsins milli efri og neðri götu, aðkomu við inngang í bráðamóttöku og bílastæða-fyrirkomulagi breytt, bílastæðum fækkað og bílastæðum í bílgeymslu neðanjarðar sunnan geðdeildar fækkað. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 25. febrúar 2019.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 1. mars 2019